

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Sólveig Olga Sigurðardóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 5. janúar 2023
UST202301-035/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017 - 2029 - Lækjarholt 1

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 3. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017 – 2029 fyrir Lækjarholt 1.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að hluta landspildunnar verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði þar sem heimiluð verði ferðaþjónusta og minnkar því landbúnaðarland sem því nemur. Heimilt er að byggja tíu gistihús á svæðinu.

Æskilegt er að mati stofnunarinnar að í aðalskipulagi komi fram hversu stórt svæðið er, að svæði fái númer, að fjallað sé um fjölda gesta sem geta gist á svæðinu og gerð sé breyting á töflu (sbr. bls. 16 í greinargerð aðalskipulags).

Aðstæður

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að fjalla um þær vistgerðir sem eru á svæðinu en hægt er að styðjast við vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ).¹

Auk þess þarf að koma fram og fjalla um að samkvæmt kortasjá NÍ um sérstaka vernd náttúrufrýrbæra² er innan svæðisins svokallað Þjósárhraun sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Hins vegar er ólíklegt að mati stofnunarinnar að jarðmyndanir finnist á skipulagssvæðinu.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>

² <https://serstokvernd.ni.is/>